



Fimleikabing 21. maí 2023

Þingskjal nr. _____

Tillögur frá Fimleikafélaginu Björk um breytingu á móta- og keppnisreglum FSÍ vegna verðlaunaafhendingar í þrepum og frjálsum æfingum – áhaldafimleika.

1. Fimleikafélagið Björk leggur til að reglur sem snúa að verðlaunaafhendingu hjá fjölda þátttakenda hjá öllum kynjum verði endurskoðuð. Tillagan okkar er að veitt séu verðlaun 1.-3. sæti í öllum aldursflokkum í 1.-3. þrepi og frjálsum æfingum á öllum áhöldum.

Rökstuðningur:

Verðlaunareglur eiga að vera skýrar óháð fjölda skráðra keppenda. Í núverandi reglum er miðað við minnst 7 keppendur í aldurshóp í 3. þrepi og 5 keppendur í 1.-2. þrepi til að aldurshópur haldi sér.

Það að fá að standa á verðlaunapalli er gríðarlegur heiður og eykur sjálfstraust keppenda og við viljum að fleiri keppendur fái að njóta þess. Við sjáum mikið brottfall keppenda á þessum aldri og hreyfingin í heild þarf að standa vörð um iðkendurna.

2. Fimleikafélagið Björk leggur til að reglur sem snúa að verðlaunaafhendingu á þrepamótum hjá 4.-5. þrepi verði endurskoðuð og öllum keppendum verði veitt þátttökuverðlaun samhliða því að verðlaun eru veitt þeim keppendum sem ná þrepi.

Rökstuðningur:

Verðlaunaafhending hjá 4.-5. þrepi hefur verið neikvæð upplifun fyrir þá sem ekki ná þeim fjölda stiga sem þarf til þess að ná þrepinu. Þeir keppendur sem ná eru mjög fáir miðað við fjölda keppenda á hverju móti og labba því keppendur sem hafa lagt allt sitt af mörkum fyrir keppni dagsins tómhentir út af mótinu óháð því hvernig frammistaða dagsins var að undanskildum stigafjölda keppanda. Við viljum að keppendur geti farið heim, stoltir af sínu dagsverki með þátttökuverðlaun og að upplifun þeirra af keppni sé jákvæð.

Sent til:

Laganefndar Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar _____nefndar